

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	NSFXS12 Vor 2016	

Kennari	Rögnvaldur R. Símonarson	Sk.st.	RÖS
----------------	--------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemandinn fái tækifæri til að fræðast um mismunandi atvinnugreinar og störf þeim tengdum. Farið verður yfir samskiptareglur, öryggis og hollustuhætti, réttindi og skyldur á vinnustað. Nemandinn víkkar út reynsluheim sinn með því að upplifa og kynnast margvíslegum störfum. Nemandinn undirbýr og vinnur úr starfsnámi og vettvangsheimsóknum sem hann tekur þátt í.

Markmið:

Þekkingarviðmið


Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreyttum vinnustöðum og störfum
- að launakjör eru mismunandi eftir starfshlutfalli og ráðningarsamningum
- mikilvægi þess að fara út á vinnumarkaðinn að skóla loknum
- mikilvægi þess að öllum réttindum fylgja ákveðnar skyldur
- þeirri færni sem nauðsynleg er í mismunandi störfum
- mikilvægi öryggis og hollustuháttum á vinnustað

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nálgast launaseðla í gegnum tölvu, s.s. í heimabanka
- lesa launaseðla
- fylgja þeim skyldum sem krafa er gerð um á vinnustöðum
- vera meðvitaður um eigin réttindi á vinnumarkaði
- vinna úr vettvangsheimsóknum með ýmsu móti
- kynna sér öryggis og hollustukröfur sem gerðar til mismunandi starfa
- búa til verkefnabók

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	NSFXS12	
	Vor 2016	

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í atvinnulífinu
- hafa yfirsýn yfir réttindi og skyldur launþega á Íslandi
- nýta sér upplýsingar sem koma fram á launaseðli
- taka þátt í umræðum um réttindi og skyldur á vinnustöðum til að efla áhuga og virkni í vettvangsheimsóknum og í starfsnámi
- þekkja viðeigandi hegðun í vettvangsheimsóknum og í starfsnámi
- geti farið eftir reglum um öryggis og hollustuhætti á vinnustað

Námsgögn:

Myndbönd, gátlistar og önnur ljósrit

Áætlun um yfirferð:

Unnið verður með öryggismál og hollustuhætti og réttindi og skyldur á vinnustað. Þá er farið í mismunandi starfsheiti, fjölda þeirra og verkefni tengdum þeim. Einnig er farið yfir starfssnámsgátlista og þau atriði sem skipta máli varðandi vinnuna. Jafnframt og samhliða þessu er alla önnina farið yfir stöðu starfsnámsins og vandamál sem kunna að koma upp og þau rædd. Í þriðju og síðustu lotu eru lok starfsnámsins undir búinn. Nemendur gera sjálfsmat. Farið yfir starfsmatið með atvinnurekanda og síðan nemendum og þeim kynntar niðurstöður þess.

Verkefni:

Tímaverkefni

Námsmat og vægi námsþátta:

Áhugi og virkni 40%. Verkefni 30%. Próf 30%

Dagsetning: 05.01 2016

 Undirritun kennara


 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils